

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2016

2017/EES/73/28

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/130 frá 1. febrúar 2016 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0130:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/130 frá 1. febrúar 2016 (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/130, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.